

**Líkaminn:**  
***Eignarhald, skreytingar og endurheimt***

Bjarni Jón Sveinbjörnsson

lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði  
Leiðbeinandi: Sveinn Eggertsson  
Félags- og mannvísindadeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2015

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Bjarni Jón Sveinbjörnsson 2015

Háskóli Íslands, Ísland 2015

## **Útdráttur**

Þessi ritgerð inniheldur upplýsingar um líkamann og líkamsskreytingar frá mannfræðilegum og félagsfræðilegum sjónarmiðum. Markmið ritgerðarinnar er að skoða líkamann í ljósi eignarhalds og hvernig líkamlegar skreytingar og breytingar hafa áhrif á það eignarhald. Það er skoðun höfundar að eignarhaldi líkamans fylgi sífelld togstreita milli yfirvalda, ráðandi stofnanna, samfélags og einstaklings þar sem allir þessir þættir gera tilkall til líkamans. Húðflúr verða aðallega tekin til skoðunar sem líkamleg skreyting og verður notkun þeirra og máttur í kastljósinu.

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
Líkamleg Kynning.....	6
Líkaminn í ljósi eignarhalds.....	8
Líkamlegar skreytingar og breytingar.....	13
Húðflúr til vesturs og smánin fylgir.....	15
Húðflúr í ljósi valds og hegningar.....	19
Ástæður fjær.....	20
Ástæður nær.....	22
Máttur húðflúra og líkamleg endurheimt.....	27
Niðurlag.....	30
Heimildir.....	33

## Inngangur

Þessi ritgerð inniheldur upplýsingar um líkamann og líkamsskreytingar frá mannfræðilegu og félagsfræðilegu sjónarmiði. Markmið ritgerðarinnar er að skoða líkamann í ljósi eignarhalds og hvernig líkamlegar skreytingar og breytingar vekja athygli á því eignarhaldi. Ég mun aðallega fjalla um húðflúr sem líkamlegar skreytingar því mér finnst listin að húðflúra áhugaverð og voru skrif tengd húðflúrum upphaflegi hvatinn að þessari ritgerð. Ritgerðinni verður skipt í átta kafla. Í fyrsta kafla mun ég fjalla um hvers vegna líkaminn er til umræðu innan félagsvísindanna. Þar útskýri ég veruhátt frá sjónarmiði Pierre Bourdieu og skrifa síðan um hvernig líkamanum er skipt í nokkur svið og þá sérstaklega félagsleg og stjórnarfarsleg svið. Í öðrum kafla fjalla ég um eignarhald líkamans. Eignarhald líkamans er flókið umfjöllunarefni vegna þess að það er svo margt sem spilar þar inn í. Félagslegur þrýstingur getur haft mikið að segja um eignarhald líkamans. Félagsleg viðmið innan samfélaga eru til staðar svo að þegar þeirra hegði sér „rétt“ og haldi líkama sínum til haga með því að hafa hann hreinan og beita honum rétt. Yfirvöld og stofnanir á borð við skóla, sjúkrahús og herstofnanir hafa mikið að segja um eignarhald líkamans og fjalla ég um hugmyndir Michel Foucault um lífvald í þessum hluta. Ég mun svo ræða um hvernig siðmenning og gerð samfélaga hafa áhrif á eignarhald líkamans en munur liggur í einstaklingshyggju samfélögum og félagshyggju samfélögum en einnig hversu sterkt taumhald er að finna innan samfélaga. Í þriðja kafla fjalla ég um líkamlegar skreytingar og breytingar og af hverju það skiptir máli fyrir mannfræðinga að skoða þær. Ég útlista nokkrar gerðir líkamlegra skreytinga og breytinga og gef til kynna hversu mikilvægar þær eru á félagslegu sviði eins og til dæmis í manndómsvígslum. Í fjórða kafla fjalla ég um sögu og uppruna húðflúrs, hvernig húðflúrslistin barst til Vesturlanda með sjómönnum og hvernig húðflúr voru kaþólsku kirkjunni þyrnir í auga, en hún tengdi þau við djöfulinn. Yfirstéttir og konungsborið fólk áttu það til að fá sér húðflúr en þeim gat þó fylgt félagsleg smán sem ég fjalla um ásamt því að taka fyrir orðið *stigma* og skoða uppruna þess og merkingu. Í fimmta kafla tala ég um húðflúr í tengslum við vald og hegningar. Húðflúranir og brennimerkingar þekktust áður víða um heim í hegningarskyni til að fá afbrotamenn til að bera sýnileg tákni eftir gjörðir sínar sem kemur svo inná pælingar um vald. Í sjötta kafla fer ég yfir ástæður til

að fá sér húðflúr víða um heim í gegnum tíðina í menningum utan Vesturlanda en þaðan hefur hinn vestræni heimur listina að sækja. Í þessum hluta má sjá hversu djúpt húðflúr eiga rætur sínar að rekja til menningar fortíðar og hversu mikilvæg þau eru í félagslegum og trúarlegum skilningi. Í sjöunda kafla skoða ég síðan ástæður fyrir því að fá sér húðflúr í dag innan hins vestræna heims. Hérna fer ég inná hugmyndir Victor Turner um limínískar umbreytingar og hvernig það ferli tengist húðflúrum en skoða einnig hugmyndir Didier Anzieu um skinnsjálfnið og hvernig Alfred Gell skoðar hlutverk þess með tilliti til húðflúra. Í áttunda og síðasta kafla ræði ég um mátt húðflúra og möguleikann á að nota þau sem endurheimt líkamans til að gera hann að sinni eign.

Ég styðst mikið við efni frá mannfræðingnum Margo Demello en það einkennist af ríkum skilningi og þekkingu á félagslegum hliðum líkamsskreytinga. Hinir fræðingarnir sem ég fæ efni frá eru að mestu leyti félagsfræðingar og mannfræðingar sem hafa fjallað um líkamann og líkamsskreytingar en einnig fræðingar sem hafa farið á vettvang og skrifað etnógrafiur tengdar efninu.

Í sumum tilvikum eru hugtök og orð snúin í þýðingu yfir á íslensku. Þegar þannig ber undir hef ég látið upprunalega hugtakið fylgja með í sviga.

## **Líkamleg kynning**

Margar fræðigreinar á borð við læknis- og hjúkrunarfræði, íþróttfræði og líffræði hafa líkamann sem miðpunkt fræða sinna en einnig má finna efni um hann innan félagsvísindanna. Í dag getur tilkoma líkamans sem umræðuefni innan félagsvísindanna verið túlkuð sem svar við tæknilegum og vísindalegum þróunum innan læknisfræði eins og stofnfrumurannsóknum, einræktun og lághitafræði en einnig svar við fjöldan allan af félagslegum hreyfingum á borð við kvenréttindafélög, umhverfisverndarsinna og bókstafstrúarhópa (Turner, 2012). Vaxandi áhugi á mannlíkamanum fylgir því þróun vísindanna og sambandi hans við tækni og samfélag. Efnið sem er til um líkamann á sviði félagsvísindanna í gegnum söguna er gífurlega mikið. Að finna einhverja nokkra fræðimenn sem hafa haft mest áhrif á fræðin um líkamann er ekki auðveld vinna en

hefur það verið tíundað áður í ritum (Csordas, 1999). Ég ætla að skrifa um þá fræðimenn sem ég tel tengjast efni og markmiðum ritgerðarinnar.

Líkaminn er sagður vera samhengi upplifunar okkar og aðferð okkar við að vera til staðar í heiminum. Við tilheyrum heiminum og upplifum hann á holdgerðan hátt það er að segja í gegnum líkamann. Sem líkamlegar verur erum við alltaf í tengslum við heiminn og eru okkar megin tengsl við hann það holdgerða tak sem við höfum á honum (Crossley, 2012). Rýmið sem líkami okkar býr í og skynjun okkar á því rými dregst saman og þenst út í takt við tilfinningar, hugarástand, félagsleg tengsl og menningarlegar tilhneigingar (Low, 2003). Marcel Mauss rannsakaði tæknilegu hliðarnar á því hvernig fólk kennir og lærir líkamlegar hreyfingar á borð við sund, klifur, kynlíf, hvíld og umsjá líkamans (2006). Hann vildi lýsa og skipuleggja tækni líkamans sem var breytileg eftir kyni og aldri. Hann útlístaði tækni frá tímum fæðingar, barndóms, kynþroskaskeiðs og loks fullorðinsárum. Hann nýtti sér hugmyndina um *habitus* eða veruhátt og þá sérstaklega þegar hann skrifaði um göngulag:

„Veruháttur líkamans þegar hann er uppréttur á meðan hann gengur og andar, taktur göngulagsins, sveifla hnefanna, olnbogarnir, framgangur með búkinn í fararbroddi eða með því að færa fram aðra hvora hliðina á líkamanum til skiptis (Við höfum vanist því hreyfa allan líkamann fram samstundis)“ (Mauss, 2006:89)<sup>1</sup>.

Pierre Bourdieu útskýrði veruhátt sem rótgrónnar félagslegar forskriftir að hegðun og skynjun sem lærast meðvitað jafnt sem ómeðvitað í samspili manna. Þær koma fram sjálfkrafa í formi venja, hæfileika og tilhneinginga útfrá lífsreynslu okkar líkt og vöðvaminni í íþróttum (Bourdieu, 1977). Bourdieu vill meina að líkaminn sé holdgervingur (*embodiment*) stéttarstöðu og veruháttur er tengdur holdgervingu líkamans vegna þess að dýpstu tilhneingar veruháttisins afhjúpast þegar fólk sýnir hvernig það fer með líkama sína (Bourdieu, 1984). Þetta má sjá í sögu hins vestræna

---

<sup>1</sup> „The *habitus* of the body being upright while walking, breathing, rythm of the walk, swinging the fists, the elbows, progression with the trunk in advance of the body or by advancing either side of the body alternately (we have got accustomed to moving all the body forward at once)“.

heims á þeim tíma þegar húðflúr voru einungis hluti af fátækum verkalýðsstéttar líkömum sjómanna, hermanna, fanga og annarra undirstéttarmanna. Í dag er enn hægt að sjá stéttarstöðu fólks einungis með því að skoða smekk og tilhneigingar sem það hefur til húðflúra (Demello, 2007).

Breski mannfræðingurinn Mary Douglas talar um tvö svið líkamans, hinn efnislega og hinn félagslega líkama. Efnislegi líkaminn er tákn hins félagslega líkama þar sem tengsl er að finna á milli stjórnun á líkamanum og gerð samfélaga. Mikil stjórn á líkamanum helst í hendur við þrýsting til að fylgja venjum hópsins og lítil stjórn á líkamanum gefur til kynna minni félagslegan þrýsting og veikara félagskerfi. Við náum að skilja líkamann ef við skiljum samfélagið svo lengi sem það er í samhengi við hina menningarlega sköpuðu hugmynd um líkamann (Douglas, 1970). Nancy Scheper-Hughes og Margaret Lock töluðu um þrjú svið líkamans; einstaklings líkamann, félagslega líkamann og stjórnarfars líkamann (*body politic*) (1987). Einstaklings líkaminn í fyrirbærafræðilegum skilning eru upplifanir líkamans og sjálfins (*body-self*). Félaglegi líkaminn er séður sem hinn félagslegi fulltrúi einstaklingsins líkt og hinn táknræni líkami sem Mary Douglas talaði um (1970). Stjórnarfars líkaminn tengist valdatengslum og vísar til taumhalds, eftirlits og stjórnunar á líkömum hvað varðar æxlun, kynhneigð, vinnu, frístundir, veikindi, frávíkshæðun og mannlegan mismun (Scheper-Hughes og Lock, 1987). Skoðanir eru skiptar um hvað líkaminn hefur mörg svið og hefur félagsfræðingurinn John O'Neill jafnvel haldið því fram að hægt sé að skipta líkamanum í fimm svið. Heims líkamann, félagslega líkamann, stjórnarfars líkamann, neyslu líkamann og læknisfræðilega líkamann (2004). O'Neill, Scheper-Hughes og Lock töluðu þó öll um stjórnarfars líkamann sem er haldið í skefjum af yfirvöldum og þarf að halda sínu striki til að verða ekki fyrir refsingum. Stjórnarfarslíkaminn leiðir inn í kenningar um lífvald (*biopower*) sem ég mun ræða hér fyrir neðan.

### **Líkaminn í ljósi eignarhalds**

Af öllum þeim hugmyndum um hver eigi í raun líkamann vil ég meina að samfélagið á sinn hlut í líkömum þeirra sem vilja búa innan þess. Þrýstingurinn frá samfélaginu um að

fylgja hinum og þessum reglum verða til þess að frelsi einstaklingsins til að gera líkamann að sinni eign þrengist töluvert. Aðferðirnar sem eru notaðar til að hylja líkamann, þrífa hann og halda honum frambærilegum, meðhöndlun hárs og staða líkamans hafa skipt höfuðmáli hvað varðar virðingu, siðsemi og vald (Turner, 2012). Einn af þrýstingum samfélagsins á líkamann er reglan að halda honum hreinum. Mary Douglas segir að félagsmótun kenni okkur frá barnæsku að halda lífrænum ferlum í skefjum það er að segja þeim sem framleiða úrgang á borð við saur, hland og ælu (1970). Líkaminn okkar er hreinn af því við eða forráðamenn okkar þrífum hann. Okkur hefur verið kennt frá blautu barnsbeini að forðast óhreinlæti og þar af leiðandi annað fólk sem er skítugt. Í íslensku samfélagi þössum við t.a.m. uppá að gestir sundlauga okkar fylgi sömu reglum eins og sjá má á skýringarmyndinni sem má finna víðsvegar um landið af manneskjunni með merkt rauð svæði í hári, handakrika, nára og fótum. Þar er útskýrt á fimm tungumálum að þessi svæði þurfi að þrífa en það er lagaleg skylda sund- og baðstaða að sýna fyrirmæli um að gestir þvói sér án sundfata áður en gengið er til laugar og að nóg sé til af mildri fljótandi sápu í sturtunni (Reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010 með áorðnum breytingum). Reglurnar eru eflaust til staðar svo sjúkdómar berist ekki á milli manna en það þykir líka óvinsælt ef gestir til dæmis þrífa ekki á sér hausinn og leyfa hárvörum og farða sínum að skolast út í baðvatnið ásamt annarri drullu. Okkur býður við því að sjá drullu og finna vonda lykt sem gæti verið til komin vegna óhreinlætis. Það að bjóða við einhverju eða finna til andstyggðar hefur verið lýst sem tilfinningu sem vaknar hjá okkur sem er þrungin félagslegum og siðferðislegum afleiðingum því andstyggð gætir siðgæðis, getur grafið undan nánnum kynnum og myndar þar með getu okkar til manlegra samskipta (Howes, 2005). Sama á við hvernig við borðum og meðhöndlum matinn okkar; „Matur í munni okkar er þar sem hann ætti að vera; sé hann sjáanlegur á meðan við tyggjum eða á hökum okkar telst hann viðbjóðslegur. Sóðaleg átvögl eiga í hættu að sæta félagslegum og siðferðislegum andmælum.“ (O’neill, 2004:24)<sup>2</sup>. Það þarf að fylgja vissum siðareglum til að öðlast félagslegt samþykki og þar með talið að borða eins og náungi manns sem hefur

---

<sup>2</sup> „Food in our mouths is where it should be; visible as we chew or on our chins it is disgusting. Sloppy eaters risk social and moral disapproval – the pain of being considered pigs or uncivilized“.

hreinlætið í fyrirrúmi þegar hann nærir sig á almannafæri eða eins og O’Neill segir um mannverurnar: „Þau verða að borða líkt og eigin tegund – eins og meðlimir eigin kynþáttar, stéttar, trúar og aldurshóps. Ekki – séu þau fullorðin – eins og dýr, villimenn, heiðingjar og börn.“ (ibid:24)<sup>3</sup>. Mannfræðingurinn Terence S. Turner segir að menningin að baki því að viðhalda útliti sínu á hátt sem er samrýmanlegur með fólki í kringum mann gefur til kynna hvort maður sé skynsemisvera eða ekki (2007). Þessi menning sem hvorki er hægt að skilja né stjórna er ekki aðeins nauðsynlegur miðill félagslegrar stöðu, viðhorfa, væntinga og trúar heldur samanstendur einnig að miklu leyti af þessum auðkennum þannig að við finnum okkur knúin til að samræmast öðrum óháð því hversu sjálfsmeðvituð við erum hvað það varðar og hvort við séum andvíg því. Reglur samfélagsins hafa því sitt að segja um hvernig líkamar beygja og bogna undan þrýstingi þeirra en yfirvöld í formi ríkis og stofnanna gera tilkall til eignarhalds á líkómum líka.

Eitt af einkennandi forrættindum einvalda fyrir nútíma stjórnarfyrirkomulög voru völd sem fólu í sér að mega ákveða hver skyldi lifa og hver skyldi deyja. Þjóðhöfðinginn hafði rétt til þess að fara í stríð gegn andstæðingum sínum og þar með senda þegna sína út í dauðann og ef einhver ætlaði sér að rísa gegn honum og brjóta lögin hans gat refsingin falið í sér aflífun hans (Foucault, 1984:258-272). Í því valdi fólst einnig réttur til eignarnáms hluta, tíma, líkama og lífs. Með breytingum á formgerð samfélags vegna þéttbýlismyndunar, aukins íbúafjölda og útbenslu iðnaðar hefur eðli þessa valds breyst (Howson, 2013). Yfirvöld vestrænna samfélaga nútímans hafa séð víðfeðma umbreytingu hvað varðar eðli þess valds sem það hefur yfir þegnum sínum sem lýsir sér nú sem réttur til að tryggja, viðhalda eða þróa líf hins félagslega líkama í stað þess að hóta honum með dauða. Með öðrum orðum vald til að tryggja líffræðilega tilvist íbúanna sem felur í sér réttinn til stjórna lífi þeirra og líkómum. Tilkoma þessa valds leiddi af sér tvær megin áherslur sem varða undirokun líkamans og stjórn á mannfjöldanum. Sú fyrri vélvæddi líkamann og sá hann sem vél sem þurfti að aga, hámarka getu, þvinga valdi uppá, auka nytsemi jafnt sem hlýðni hennar og samþætta hana við kerfi skilvirkra og hagkvæmra stjórnaraðferða. Seinni áherslan einblíndi á líkamann í ljósi mannsins sem

---

<sup>3</sup> „They must eat like their own kind – like members of their own race, caste, class, religion, and age group. Not – when adults – like animals, savages, heathens, and babies.“

tegundar (*species body*) sem var undir stöðugu eftirliti þegar kom að líffræðilegum ferlum eins og æxlun, fæðingu og dauða, heilbrigði, lífslíkum og þess háttar (Foucault, 1984:258-272). Þetta stöðuga eftirlit, afskipti og stjórnun á líkamanum leiddi af sér tilkomu og tímabil lífvalds. Í *Docile bodies* (1984) fjallar Foucault um leiðir til að stjórna hinum *auðsveipa* líkama og hvernig fíngerðar þvinganir til að halda aga geta virkað alveg jafn vel og þrælahald en byggja þó ekki á eignaupptöku líkama þegnanna. Þessi friðsama leið byggir á stefnu þvinganna sem ráðskast með undirstöðuatriði líkamans, tjáningu hans og hegðun. Í formi lífvalds eru þessar þvinganir að verki á víð og dreif í samfélaginu til að mynda í skólakerfinu og sjúkra- og herstofnunum (Foucault, 1984). Þessar þvinganir koma fram í ýmsum formum sem neyða einstaklinginn að haga sér á ákveðinn hátt. Þetta eru reglur um mætingar, hvernig skal bera sig, kynhneigð, talsmáta og svo framvegis. Þessar þvinganir má sjá í framkvæmd t.d. þegar litið er inn í skólastofu þar sem nemendurnir sitja þrúðir og hlusta á kennarann tala eða í verksmiðju þar sem starfsmennirnir vinna vélrænt að störfum sínum þangað til þeir stimpla sig út. Líkamar þeirra eru *auðsveipir* og halda þar af leiðandi aga í félagslegu lífi nútímans. Það sniðuga við þessa stjórnun er að einstaklingarnir sjálfir tileinka sér þennan aga og hugmyndafræðina sem liggur að baki hlýðni þeirra. Færa mætti fyrir því rök að öll störf innan heilbrigðisgeirans sem eiga að standa vörð um heilbrigði einstaklingsins þjóna um leið hagsmunum ríkisins þegar kemur að valdi yfir líkómum þegnanna. Með því að stjórna mannlegri hegðun með næringarfræðilegum ráðum, kynfræðslu, útgáfu lyfseðla og svo framvegis er verið að tryggja að illstjórnanlegum líkómum sé stjórnað svo að þeir aðlagist félagslegum stöðlum og væntingum. Þetta má sjá í verklagi heilbrigðisstofnunar þegar barn fæðist og kyn þess samræmist hvorki karl- né kvenkyni og er þar af leiðandi látið gangast undir aðgerð þar sem kyn barnsins er valið án ákvörðunartöku þess (Demello, 2007). Anthony Synnott talar um það hvernig líkaminn varð eign ríkisins í Bretlandi á sinum tíma þegar þróanir í læknisfræði leiddu til endurbyggingu líkamans:

„Bólusetningar ... reyndust vera svo árángursríkar í bardaganum við bólusótt að árið 1853 setti þingið á löggjöf sem gerði bólusetningar við bólusótt að skyldu fyrir öll börn. Stjórnarfars líkaminn hafði aukið vald sitt yfir efnislega

líkamanum. Líkami einstaklinga varð þar af leiðandi, upp að vissu marki, eign *ríkisins*“ (1993:26)<sup>4</sup>.

Ríkið hafði áður að vissu leyti alltaf nýtt réttinn til að drepa, valda þjáningum, fjarlægja líkamshluta, húðflúra eða brennimerkja líkamann, fangelsa fólk eða dæma það í útlegð. Bæði kirkjan og ríkið bönnuðu margar líkamlegar athafnir sem tengdust kynlífi, sjálfsfróun, sjálfslöskun, fóstureyðingu og sjálfsvígum. Þessi löggjöf um bólusetningar var þó meira afgerandi í eignarnámi líkamans vegna þess að bólusetningarnar urðu skylda á heimsmælikvarða (Synnott, 1993). Þetta lífvald stjórnvalda og stofnanna leiðir af sér aga þegna þeirra og vilja fólks til að fylgja straumum samfélagsins vegna utanaðkomandi þrýstings. Svona agi hefur gert líkamann að vettvangi valdabaráttu og andófs vegna valmöguleika einstaklinga til að geta tjáð sig með líkögum sínum (Weitz, 2008). Tjáningum í formi gatana, húðflúranna, aflimana, ígræðslna o.s.frv. er beint gegn ráðandi stofnunum svo það er ekki nema furða að ríkið bregðist við með því að banna slíkar aðgerðir eða reyna að hafa stjórn á þeim (Demello, 2007).

Siðmenning (*Civilization*) hefur einnig haft sín áhrif á stjórnun líkamans. Norbert Elias skoðaði og útlistaði breytileikann á viðhorfum í gegnum tímans tönn til líkamlegra athafna eins og að fá sér að borða, snýta sér, hrækja og sofa en einnig samskipti kynjanna (1994). Elias var á þeirri skoðun að í kjölfar langtíma ferils siðmenningar og áhrifar hennar á einstakling og samfélag hafi orðið breyting á tilfinningalegri og líkamlegri tjáningu. Hinn siðmenntaði líkami getur tileinkað sér afmarkaðar reglur hvað þykir rétt hegðun í ólíkum aðstæðum annað en t.d. hinn minna siðmenntaði líkami miðalda sem óttaðist aðfarir í reglulausum samfélögum. Þessi líkamlegi ótti umbreyttist svo í ótta af félagslegum toga við smán og skömm sem fylgir því að brjóta venjur og siði í nútíma samfélagi. Þetta félagslega taumhald sem kemur frá fjöldanum verður til þess að einstaklingurinn heldur sér aftur með sjálfskipaða stjórn (Elias, 1994).

---

<sup>4</sup> „Vaccinations ... proved to be so effective in combating smallpox that in 1853 Parliament passed legislation making smallpox vaccinations compulsory for all children. The body politic had increased its power over the body physical. The individual body therefore now became, to a degree, *state property*“

Gerð samfélaga hafa líka eitthvað að segja með eignarhald á líkómum. Mary Douglas segir að sterkt félagslegt taumhald innan samfélaga leiði til sterks líkamlegs taumhalds og að líkaminn tjái kröfur samfélagsins (Douglas, 1970). Hnerrar og hóstar krefjast formlegra aðgerða til að vera ekki mistúlkaðir sem andfélagslegur dónaskapur og staðsetning líkamans hvað varðar áttina sem hann snýr í og fjarlægð frá öðrum líkómum hefur einnig sitt að segja í fyrirfram samþykktu normum samfélagsins. Í vestrænum samfélögum þar sem einstaklingshyggja er mikil eru líkamar séðir sem hluti af einstaklings veru með persónuleg réttindi og skyldur en í félagshyggju samfélögum eins og á Fidji eyjum má sjá hvernig líkaminn er séður sem ábyrgð fjöldans. Hefðbundin hugsun í Fidjeyja þjóðfélagi er að líkami einstaklings er á ábyrgð margra annarra sem sjá til þess að líkaminn sé vel nærður og heilbrigður (Becker, 1995). Í félagshyggju samfélögum er því hægt að deila líkamanum með öðrum og missa ákveðið vald yfir honum í skiptum við öryggi og heilbrigði. Á Tahiti innan menningu húðflúragerðar má sjá bland af félags- og einstaklingshyggju því líkaminn er talinn eign einstaklingsins jafnt sem hópsins. Við sköpun sjálfsmyndar verður líkaminn fyrir stöðugri innrás frá sameiginlegum eignarrétt á líkamanum. Á Tahiti er það ekki þannig að menningin og húðflúrarinn skilgreini og stjórni líkama einstaklingsins þegar hann fær sér húðflúr heldur er það hann sjálfur sem ákveður hvernig hann vill tengjast menningunni. Líkaminn er svæði einstaklingsins en menning og húðflúrarar eiga sér til að helga sér líkamann upp að vissu marki því þau setja sín persónulegu einkenni á líkamann og hafa þannig áhrif á eignarhald hans (Kuwahara, 2005).

Að þessu sögðu virðist ljóst að líkaminn er fjarri því að vera eign einstaklingsins og að vilji hann ekki lifa einn, óháður og laus undan fjöðrum samfélagsins sem einbúi, verður hann að gefa samfélaginu skerf af líkama sínum í skiptum fyrir leyfi til að búa innan þess.

### **Líkamlegar skreytingar og breytingar**

Síðan í árdaga mannfræðinnar hefur mannlegt útlit verið til skoðunar og rannsókna. Evrópskir mannfræðingar frá tímum landafundanna og upplýsingarinnar höfðu áhuga á margbreytileikanum á líkamsstærð, lögun, húðlit og líkamsskreytingum og –breytingum.

Þeir vildu vita hvað líkaminn og útlit hans höfðu að segja um menningu þeirra hópa sem voru til skoðunar. Með því að skoða tengslin á milli líkama og menningar gátu þeir mögulega gægst í eðli mannsins. Líkamsbreytingar má finna innan allra samfélaga og sjá mannfræðingar þær sem mark um aldur, félagsstöðu, fjölskyldustöðu, ættbálkatengsl og önnur félagsleg einkenni (Demello, 2014). Menningarleg mannfræði hefur veitt dýrmætar og fjölbreytilegar etnógrafískar heimildir um hvernig ólíkt fólk metur útlit líkama síns og hvaða merkingu það hefur að geyma (Anderson-Fye, 2012). Líkamsbreytingar eru vísitandi breytingar á líkamsbyggingu eða svipgerð. Húðflúrun, rispun, götun og umskurður eru dæmi um varanlegar líkamsbreytingar en þær geta einnig verið tímabundnar á borð við líkamsmálun eða gervihúðflúr. Tímabundnar líkamsbreytingar eru oft notaðar í helgisiðum til að gera einstaklingin frábrugðinn og óvenjulegan t.d. í tilefni sérstaks menningarlegs atburðar. Varanlegar líkamsbreytingar eru almennt notaðar til að miðla varanlegri stöðu á líkamann eins og að vera kominn til manns eða til að tákna stéttarstöðu. (Demello, 2014). Þessar tilraunir til að breyta líkómum með skreytingum eru oft í þeim tilgangi að uppfylla menningarlegar kröfur um fegurð samhliða trúarlegum og félagslegum skyldum. Fólk breytir líkama sínum sem hluta af flóknu ferli sköpunar og endursköpunar á persónulegum og félagslegum sjálfsmyndum þeirra (ibid). Ástæðurnar til að breyta líkamanum tengjast þó svo mörgu og hafa margir lagt fram fræðilegar heimildir og kenningar um þær. Fagurfræði, manndómsvígslur, trú, félagsaðild, list og sjálfstjáníng eru kannski helstu þrýstikraftarnir sem hægt er að telja upp en bráðlátar hugdettur eru engu að síður með á listanum:

„Margir Tahitibúar fá sér sitt fyrsta húðflúr þegar þau eru í skóla með því að stinga í hvort annað með handafli. Þessi húðflúr eru oft einfaldar hannanir á borð við þrjá punkta - *flic de mort'* - hjarta, upphafsstafir þeirra eða upphafsstafir kærasta eða kærustu þeirra ... Algengasta ástæðan sem ungt fólk segir vera fyrir handgerða húðflúrinu er sú að þeir hafi ekkert annað að gera og eru *fiu* (þeim leiðist)“ (Kuwahara, 2005:31)<sup>5</sup>.

---

<sup>5</sup> „Many Tahitians acquire their first tattoos at school by hand-pricking one another. These tattoos are often simple designs such as three dots – *flic de mort'* – a heart, their initials, or those of their boyfriend

Svipað atferli má finna meðal Kwermin á Papúa Nýju-Gíneu þegar ungt fólk af gagnstæðu kyni merkir hvort annað með húðflúrum. Húðflúrin í sjálfu sér eru sögð laus allrar merkingar líkt og hjá Tahítíbúum en taka þarf mark á vinnunni að baki húðflúrsins og skoða möguleikann á að hún sé ástarjátning skráð á líkama vinar eða elskhuga (Sveinn Eggertsson, 2013). Þá fá húðflúrin vissa merkingu sem miðluð er til þeirra sem sjá flúrin.

Líkaminn er notaður til að miðla tjáningu og sjálfsmynd einstaklings með ýmiss konar boðum. Fræðimenn sem hafa rannsakað hvernig manneskjur merkja líkama sinn segja að líkamlegar sýningar myndi, miðli og viðhaldi stöðu og sjálfsmynd (Demello, 2014). Finna má menningarkima þar sem einstaklingar telja götun, rispun og húðflúrun vera grundvallaratriði í að gera líkamann menningarlega réttan og er hann það ekki ef hann skortir almennilegt skraut og breytingar. Þessar breytingar eru mark siðmenningar, menningar og mannkyns og tákna mörg fíngerð og stórgerð félagsleg séreinkenni þess einstaklings sem ber þær. Rispun er til dæmis almennt stunduð sem hluti af manndómsvígslum sem gerir einstaklingnum kleyft að færast úr stigi æskunnar yfir á fullorðinsstig (ibid). Rispuarnar sem eru eftir á líkamanum gefa því til kynna félagslega stöðu einstaklingsins og tjá sjálfsmynd hans til annarra manna. Strathern hjónin sögðu um innfædda á Mount Hagen svæðinu á Papúa Nýju-Gíneu að líkamsskreytingar þeirra efldu sjálfsmynd þeirra, til dæmis sem ógnvekjandi stríðsmenn í tilraun til að virðast ógnandi, en væru einnig yfirlýsingar félagslegra gilda á borð við stöðu innan valdaskipans og hlutverka við veisluhöld (Strathern og Strathern, 1971).

## Húðflúr til vesturs og smánin fylgir

*Tattoo* er hugtak sem á rætur að rekja til Pólynesíu (Rao, 1945). Enska orðið *tattoo* var upprunalega fengið frá tahítíska orðinu *tatau* sem þýðir að merkja eða slá í tvígang (Demello, 2007). Húðflúr eru sköpuð á húðinni með því að nota beittan hlut til að koma litarefnisögnum nógu djúpt undir yfirhúðina til að agnirnar haldi varanlega kyrru fyrir og

---

or girlfriend ... The most common reason given by young people for having hand-pricked tattoos is that they have nothing else to do and are *fiu* (bored)".

myndi ákveðna hönnun (Doss og Hubbard, 2009). Húðflúrun hefur fundist í flestum menningarsamfélögum. Talið er að elstu ummerkin um húðflúrun er að finna frá fornsteinöld eða 38.000 f.kr. til 10.000 f.kr. Fornleifagreftir hafa leitt í ljós verkfæri sem talin eru hafa verið notuð við húðflúrsgerð en sum þessara verkfæra hafa fundist við hliðina á litlum stytum með áletrunum sem talin eru vera húðflúrs mynstur (Gilbert, 2000). Elstu húðflúrin eru frá nýsteinaldartímabilinu þar sem fundist hafa flúraðar múmíur og munir í Evrópu frá 6000 árum f.kr. og í Egyptalandi 4.000 árum f.kr. Löngu seinna eða 1.000 árum f.kr. var húðflúrun í samfélögum nánast hvarvetna (Demello, 2007). Flúrin voru til skrauts en miðluðu einnig félagslegri stöðu, trúrækni, hjúskaparstétt og öðru sem einkenndi einstaklinginn. Í safnara samfélögum og hjárðlífs- eða garðyrkjusamfélögum voru líkamsskreytingar merki um innlimun einstaklings í samfélagið. Með þróun landbúnaðar og þjóðríkis innan evrópskra samfélaga með miðstýrða stjórn og kerfi ójöfnuðs, urðu líkamsskreytingar eins og húðflúrun merki um brottvísun og smán (*stigma*) (Demello, 2014). Kapólska kirkjan vildi að sjálfsgöðu hafa sitt að segja með notkun húðflúrs og með velvilja nýlenduherranna bönnuðu kristnir trúboðar fólki að iðka líkamsbreytingar og húðflúra sig þótt það væri hluti af menningu þeirra (Martí, 2010). Húðflúr voru fordæmd í hinum kristna heimi og voru bönnuð af kirkjunni. „Þið skulið hvorki rista sár í húð ykkar vegna látins manns né láta húðflúra tákni á ykkur. Ég er drottinn“ (Biblían. Þriðja Mósebók 19.28 (11. Íslenska útgáfa)). Árið 787 e.kr. kom tilskipun frá páfa gegn húðflúrum vegna tengsla þeirra við heiðna trú og voru þau ekki kynnt aftur til vestrænnar menningar almennilega fyrr en á átjándu öld með ferðalögum sjómanna til svæða þar sem húðflúrun var iðkuð (Martí, 2010). Það voru þó aðrar ástæður fyrir því að kirkjan var á móti húðflúrum. Dulspekingar á tímum siðaskiptanna voru stærsti menningarkiminn sem stundaði líkamlegar áletranir og voru þær tengdar við galdra. Kirkjan hafði horn í síðu þeirra ekki aðeins vegna þess að dulspekilegar merkingar á holdi þeirra breyttu ímynd hins kristna guðs sem skapaði manninn í sinni mynd heldur einnig vegna þess að merkingarnar áttu að veita þeim sem bar þær yfirnáttúrulega og djöfullega krafta (Rosecrans, 2000). Kapólska kirkjan barðist við kirkju mótmælenda um yfirráð þar sem báðar kirkjur sökuðu hvor aðra um villutrú. Á meðan óx kraftur dulspeki og galdra sem fólk sóttist í til andlegrar styrkingar og

lækningar vegna óstöðugleika og ringulreiðar varðandi hvaða kreddu það skyldi leggja trú sína á. Kirkjurnar gripu því inni og fordæmdu galdra sem bábiljur og guðlast (ibid).

Húðflúrsgerð hafði verið til staðar af og til í Evrópu í gegnum tíðina en komst loks tryggilega á laggirnar í Evrópu með sjóferðum James Cook og öðrum átjándu aldar landkönnuðum. Í einum af ferðum sínum fékk hann Tahitibúann Omai til að koma með sér aftur til Englands og markaði það byrjunina á sýningum á frumbyggjum víðsvegar um Evrópu og Ameríku í hinum svokölluðu *freak shows* (Demello, 2014). Í kjölfar þessara sýninga fóru sirkusar að ráða alflúrað fólk til að sýna sem aukaatriði eða vinna sem sjónhverfingamenn og sverðgleypar. Þessum flúruðu einstaklingum fylgdu framandi sögur um hvernig þeir bjuggu meðal frumbyggja og lentu í allskyns ævintýrum sem vakti áhugan hjá sótsvörtum almúganum og laðaði hann að sýningartjaldinu. Þessi áhugi fyrir húðflúruðu fólki varð til þess að allir helstu sirkusarnir réðu til sín flúrað fólk næstu 70 árin og árið 1920 voru um 300 alflúraðir einstaklingar starfandi í sirkusum (Gilbert, 2000). Lengi vel mátti því tengja húðflúr við frumbyggja, sjómenn og sirkusfólk en einnig glæpamenn sem lifðu á jaðri samfélagsins og gat því flúrunum fylgt félagsleg smán (*stigma*). Þetta var þó ekki alltaf raunin því fólk af aðalsættum fékk sér húðflúr líka. Í kringum árið 1880 varð tískuæði í húðflúrlist hjá yfirstéttum og konungsbornu fólki. Játvarður prins af Wales lét húðflúra sig í landinu helga árið 1862 sem kom ekki í ljós fyrr en árið 1881. Hann lét syni sína einnig húðflúra sig hjá Hori Chyo í Japan en seinna fengu Georg fimmti Bretakóngur og bróðir hans sama húðflúr og faðir þeirra í landinu helga (Caplan, 2000). Evrópskir pílgrímar höfðu þó lengi haft það sem sið að fá sér húðflúr í landinu helga bæði sem minjagrip og sem tákni um trú sína en dæmi um mynstur sem þeir fengu sér var mark krossfaranna (Jerúsalem krossinn), nafn eða þyrnikóróna Jesú, orðið *Jerusalem* og dagsetning pílgrímsferðarinnar (Demello, 2007). Það má deila um hvort húðflúrsdella yfirstéttanna hafi sprottið frá Georgi fimmta og bróður hans en meðal þeirra sem fengu sér húðflúr voru Alexis stórhertogi frá Rússlandi, Valdemar Danaprins og frú, Olga Grikklandsdrottning, Óskar annar Svíakóngur, Jórvíkurhertogi, Lafði Randolph Churchill og hertoginn af Newcastle (Caplan, 2000).

Cesare Lambroso var afbrotafræðingur á nítjándu öld sem var á því máli að húðflúr væru andstyggileg og villimannsleg en hann taldi sig hafa skoðað nóg af glæpamönnum með húðflúr til að komast að þessari niðurstöðu varðandi þau:

„Þar af leiðir, þegar tilraun er gerð til að kynna það hinum virðulega heimi, finnum við fyrir ekta andstyggð, ef ekki í garð þeirra sem iðka það, þá þeirra sem mæla með því og hljóta að hafa eitthvað ávísandi og villimannslegt í hjörtum sér. Það er mjög svipað, á sinn hátt, líkt og verið væri að snúa aftur til eldrauna miðalda til þess að fella frumstæða einvígis dóma sem við getum ekki hugsað til án hryllings“ (1896:803)<sup>6</sup>.

Húðflúrum hefur að mörgu leyti fylgt ákveðin félagsleg smán í gegnum söguna en *stigma* er einmitt orðið sem Grikkir og Rómverjar til forna notuðu í textum sínum um líkamlegar merkingar og ekkert endilega tengt félagslegri smán. Gríska og latneska forskeytið *stig-* þýðir það sama og *prick* á ensku eða sagnorðið að stinga á íslensku (Jones, 2000). Einhversstaðar í þýðingum milli manna hefur orðið stigma fengið merkingu sína breytta úr *líkamlegar merkingar yfir í brennimark eða stimpill* og þaðan af fengið félagslegu túlkunina sem smánarblettur eða skömm. Þrælar merktir eigendum sínum eru að sjálfsgöðu smánaðir því þeir eru ekki sínir eigin herrar en það er ekki eini skilningurinn sem hægt er að draga úr forna orðinu *stigma* sem má alveg eins þýða sem *líkamlegar skreytingar* sem hefur allt aðra og ekki jafn neikvæða merkingu (ibid). Þrátt fyrir hin opnu frjálslyndu samfélög vesturlandabúa má segja að í augum margra eru húðflúr merki um smán, glæpamennsku og frávikshögðun og að þessi nútíma merking sem fylgir *stigma* eigi alveg rétt á sér að einhverju leyti. Í dag virðist þó vera ásættanlegra að fá sér húðflúr en áður fyrr og síðan árið 1990 hafa húðflúr orðið vinsælli meðal framhaldsskólanema, ungra fagmanna og millistéttar fólks í virðulegum stöðum (Atkinson, 2003). Margir einstaklingar úr millistéttum reyna þó að hafa húðflúrin sín ekki andfélagsleg, ofbeldisfull eða hneykslandi líkt og þau sem frávikshópar á borð við mótorhjólageni og pönkarar

---

<sup>6</sup> „Hence, when the attempt is made to introduce it into the respectable world, we feel a genuine disgust, if not for those who practice it, for those who suggest it, and who must have something atavistic and savage in their hearts. It is very much, in its way, like returning to the trials by God of the middle ages, to juridical duels-atavistic returns which we can not contemplate without horror.“

tileinka sér. Þá reyna þeir frekar að hafa myndirnar sínar aðlaðandi svo þeir hneyksli ekki náungann (Thio, 2010).

## Húðflúr í ljósi valds og hegningar

Í öndverðum ríkis-stigs samfélögum má sjá fyrstu merki um það hvernig ríkið og yfirstéttirnar nota völd til að merkja líkama einstaklinga. Þrælur og glæpamenn voru brennimerktir og húðflúraðir til að það færi ekki framhjá neinum hver staða þeirra væri eða hver ætti þá. Með þessum hætti gátu yfirvöld áletrað vald sitt beint á líkama óþægra þræla og glæpamanna og smánað þá í leiðinni (Demello, 2014). Slík meðferð passar því vel við þælingar Michel Foucault sem sagði líkamann vera staðsetningu pólitískrar og menningalegrar stjórnunnar þar sem líkaminn verður að yfirborði áletranna á atburðum sem eiga sér stað (1984:76-100). Í sögu vestræns samfélags hafa húðflúr verið séð á neikvæðan hátt og þá sérstaklega þegar fólk hefur verið smánað með þeim. Fólk hefur tengt húðflúr við glæpamenn eða fólk á jaðri samfélagsins (Martí, 2010). Fyrstu þekktu samfélögin til að nota húðflúr í hegningarskyni voru Þrakar, Persar, Grikkir og Rómverjar. Þá voru þrælur og glæpamenn merktir fangara, húsbónda eða keisara þeirra. Þeir voru jafnvel merktir í andliti með með merkjum sem táknuðu glæpin sem þeir frömdu eða refsinguna sem þeir þurftu að sæta en Konstantín keisari bannaði að endingu húðflúrun á andliti á fjórðu öld (Demello, 2014). Þessar hegningaraðferðir breiddust út til norðurs og voru notaðar í Þýskalandi, Englandi, Frakklandi og einnig í amerísku nýlendunum. Þær breiddust þá einnig út til austurs og á Indlandi voru glæpamenn flúraðir stöðu sinni sem glæpamenn. Brahmin prestar hindúatrúar voru undanþegnir líkamlegum hegningum og voru þess í stað merktir á enni fyrir mismunandi afbrot. Fyrir framhjáhald og ólögleg samneyti fengu þeir mynd af kvenmannskynfærum, fyrir óhóflega drykkju fengu þeir mynd af áfengistákni, fyrir að stela fengu þeir mynd af hundsfót og fyrir morð fengu þeir mynd af hauslausum manni (Caplan, 2000). Orðið sem áður þýddi húðflúr á tungumálinu Hindi fékk merkinguna *auðkenni glæpamanna* á níttjándu öld (Demello, 2014) sem gefur til kynna ráðandi notkun yfirvalda á húðflúrum í hegningarskyni. Eins og ég sagði hér að ofan eru slíkar smáanir í takt við þælingar Michel Foucault um líkamann sem

staðsetningu menningalegrar og pólitískrar stjórnunar (1984:76-100). Líkaminn er tengdur hinum pólitíska vettvangi og hafa yfirvöld milliliðalaust tak á honum til að lúta vilja þeirra. Að flúra líkamann á slíkan hátt með varanlegu merki í þvingandi aðstæðum er það sem Foucault kallar að beita einhverjum einstakling öreðli valds (*micro-physics of power*). Þar verður einstaklingurinn fyrir krafti yfirvalda sem setja sitt mark á hann sem tjáir undirokun hans, stofnanaramma samfélagsins og valdatengsl innan þess (Gustafson, 2000). Það þarf ekki að leita lengra en til miðbik síðustu aldar til að sjá hvernig hægt er að nota húðflúr til að beita einhverjum öreðli valds. Á tímum heimsstyrjaldarinnar síðari merktu nasistar fanga sína með raðnúmerum til að aðgreina þá frá öðrum föngum. Þessi raðnúmer voru flúruð á húð þeirra og þeim sýnd sama óvirðing og nytjadýr ætluð til slátrunar. Þetta var fyrst gert við Gyðinga í útrýmingarbúðum Auschwitz og síðar meir við Rússneska stríðsfanga til að geta borið kennsl á öll líkin þegar þau fóru að safnast saman í massavís (Demello, 2007). Það fer því algerlega eftir aðstæðum og uppruna húðflúra hvað þau merkja og hvernig ber að túlka þau. Húðflúr fengin með þvingun eða í hegningarskyni eru ekki þau sömu og eru fengin af sjálfsdáðum og er mikilvægt að skilja kringumstæðurnar og söguna þeirra til að forðast að dæma húðflúr á neikvæðan hátt.

### **Ástæður fjær**

Ástæður til að fá sér húðflúr eru margar. Húðflúrslistin hefur smitast úr mörgum áttum inn í hinn vestræna heim og hefur þýðing húðflúranna mögulega þjagast á leiðinni og tapað sinni upprunalegu merkingu. Ég ætla að fara í gegnum nokkrar ástæður fyrir því að fá sér húðflúr í ýmsum menningum víðsvegar um heim en þaðan hefur hinn vestræni heimur húðflúrslitina að sækja.

Sumstaðar eru húðflúr talin fylgja manni inn í framhaldslífið og geta verkað sem trúarlegur klæðnaður. Á Hainan eyju sem er hluti af Alþýðulýðveldi Kína má finna menningarkíma Li þjóðarbrottsins sem átti áður fyrir ríka menningu húðflúrgerðar. Það var óhugsandi fyrir Li konu að vera án húðflúrs í lífi jafnt sem dauða. Ef hún var án þess þegar hún kom til forfeðra sinna sýndist hún nakin og hvorki þekkt né meðtekin af

forfeðrum sínum. Þessi hefð taldist svo mikilvæg að konur voru flúraðar eftir dauða þeirra til að komast hjá því að þær yrðu villuráfandi vofur (Martí, 2010).

Húðflúr geta einnig verið notuð í varnarskyni. Á Borneo eyju tíðkaðist hjá konum jafnt sem körlum að nota húðflúr sem vörn gegn illum öflum. Húðflúr voru sett á hendur, handleggi, fætur og fótleggi til að vernda einstaklinga fyrir illum öndum, veikindum, og skaða (Demello, 2007). Íbúar Mekka áttu það til að rista þrjá punkta í kinn barna sinna til að vernda þau gegn hinu illa auga (Rao, 1945).

Húðflúr geta verið notuð til að koma í veg fyrir að máttur sleppi frá líkamanum. Á þeim tíma sem hinn vestræni heimur hafði fyrst samband við Tahiti var húðflúrun greypt í félagslega kerfi Tahitibúa og voru þá heimsfræði og trú þeirra samþætt því náíð. Samkvæmt heimsfræði þeirra samanstóð heimurinn af *po* og *ao* þar sem *po* var ríki guðanna en í því átti umbreyting fæðingar og dauða sér stað. Þeir sem tilheyrðu *po* voru taldir búa yfir *mana*. Þetta *mana* sem var himneskur máttur nýttist í stríði, æxlun og frjósemi landbúnaðar. Það veitti Tahitibúum sterk tengsl við guðina en einnig orðstír, vald og stöðu. Til að varðveita þennan mátt urðu þeir að húðflúra sig en þeir trúðu því að með því að þekja líkamann væri hægt að halda þessu *mana* inni (Kuwahara, 2005).

Húðflúr geta merkt félagslega stöðu og orðstír. Á Borneo eyju í Indónesíu gáfu húðflúr til kynna félagslega stöðu því einungis yfirstéttir gátu gengið með vissar hannanir húðflúra því það varð að greiða fyrir þau með perlum og svínum sem þótti ekki viðráðanlegt verð fyrir alla en þau gátu einnig merkt góðan orðstír fyrir hausaveiðara, dansara og söngvara en einnig það að einstaklingur hafði gengið í gegnum manndómsvígslu og væri þroskaður maður með mönnum í samfélaginu (Demello, 2007). Húðflúrun var einnig notuð á Tahiti til að gefa til kynna þroskastig einstaklings og tiltækileika hans eða hennar til æxlunnar. Húðflúr á höndunum gáfu til kynna að börn mættu taka þátt í félagslegum athöfnum en þau höfðu þá gengið í gegnum vígslu til að öðlast þann rétt. Unglingar voru húðflúraðir á rassinn til að gefa til kynna að þeir höfðu gengið í gegnum manndómsvígslur en það hafði einnig þá virkni að sýna fram á frjósemi þeirra og að þeir gætu æxlast (Kuwahara, 2005). Mark um frjósemi má líka finna meðal Majhwar stéttarinnar á miðsvæðum Indlands en þar fá stúlkur húðflúr þegar þær byrja

á blæðingum (Rao, 1945). Managalasi strákar á norðurslóðum Papúa Nýju-Gíneu láta húðflúra sig til að gefa til kynna að þeir séu komnir til manns. Þeir undirbúa húðina sína með því að sitja innandyra í um það bil þrjár vikur eða þar til hún lýsist og mýkist. Þá kemur faðir eða frændi drengsins og eyðir heilum degi í að húðflúra hann með sársaukafullri aðferð sem getur tekið fimm til sex skipti að framkvæma fyrir hverja röð af stungum í húðina. Hér tjá húðflúrin líka hugrekki því drengurinn má ekki gráta á meðan hann er stunginn (Noble, 1978).

Húðflúr gefa til kynna aðild að hópum. Konur Lambani hirðingjanna í Rajasthan á Indlandi eru með vönduð húðflúr á handarbökum og punkt vinstra megin á nefinu sem er einkennandi fyrir hóp þeirra, en engin Lambani kona getur verið án þessara húðflúra (Rao, 1945). Claude Lévi-Strauss sagði markmið húðflúrslistar meðal Mára ekki einungis vera til skrauts með því að teikna myndir á holdið heldur var markmiðið að stimpla í huga þeirra allar hefðir og lífsspeki hópsins (1968). Þetta gefur til kynna samkennd meðal hópsins og aðild að honum en einnig ákveðið eignarhald yfir einstaklingnum. Hann er hluti af hópnum og ber með sér ummerki þess á líkama sínum alla tíð sem minna hann á hverjum hann tilheyrir og hverjum hann þjónar.

### **Ástæður nær**

Í dag eru líkamsbreytingar á borð við húðflúrun framkvæmdar til að leyfa einstaklingum að stíga út fyrir ramma hins hefðbundna þjóðskipulags (Demello, 2014). Nokkrar kenningar hafa sprottið upp um hvers vegna fólk fær sér húðflúr í dag. Þýski mannfræðingurinn Wilhelm Joest sagði að það væri einfaldlega vegna hégómagirndar mannsins að hann fengi sér húðflúr (Gilbert, 2000). Hann sagði að líkamlegar skreytingar væru frumþrá hins *náttúrulega manns* og að hvergi hefði hann verið vitni af hjátrú eða trúarlegum ástæðum sem fengi fólk til að gera þetta. Árið 1925, rúmlega 40 árum eftir kenningu Joest, birti mannfræðingurinn Wilfrid Dyson Hambly rit þar sem hann útlistaði nokkrar ástæður fyrir sið húðflúrunar sem voru ekki í takt við kenningar Joest. Hambly taldi að kvaðning hins fagurfræðilega skyns, leið til að aðstoða náttúruval, viðhald á fornum helgisiðum, blóðtöku, leið til að þekkja vini og óvini á auðveldan hátt, áavísi og

kraftmikið trúarlegt afl voru allt gildi sem hann þótti mikilvægar ástæður til húðflúrunar (2009). Susan Benson vil meina að húðflúr leysi úr fjötrum hinn frumstæða mann sem hefur óháðan líkama: „Fyrir marga er áletrun húðarinnar með ummerkjum hins frumstæða manns mótvirkandi á kúgun og leið til að leysa úr haldi hinn innri villimann eða snúa aftur til líkamlegs upprunaleika sem lokað er á með aga fylgispektar samtímans“ (Benson, 2000)<sup>7</sup>.

Það á jafnt við um fortíðina og nú að það að fá sér húðflúr getur miðlað styrk og hugrekki einstaklingsins vegna sársaukans sem fylgir aðgerðinni (Demello, 2014). Þeir sem ganga í gegnum ferlið að fá sér húðflúr eða einhversskonar líkamsskreytingu þykja sýna styrk og hugrekki sem eru enn mikilvægar dyggðir fyrir marga í hinum vestræna heimi og eru vestrænar fyrirmyndir oft með þessi gildi að leiðarljósi. Farsælar og frægar fyrirmyndir í kastljósinu geta haft áhrif á ákvörðunartöku einstaklinga um að fá sér húðflúr. Þekktir tónlistarmenn, leikarar og íþróttamenn sjást reglulega með sýnileg húðflúr sem hvetur ungt fólk til þess að fá sér húðflúr og sameinast þeim í húðflúrssamfélaginu (Roberts, 2012). Húðflúrum fylgir líka samkennd meðal þeirra sem bera þau sem gæti verið ástæða til að fá sér húðflúr að því leyti að fólk vill tilheyra einhverju. Samfélög geta skapast í kringum húðflúrsstofur eða húðflúrara sem flúrar í ákveðnum stíl. Fólk finnst það tilheyra þessum samfélögum á tilfinningalegan máta sem byggir ekki endilega á samkomum manna. Þau þurfa ekki endilega að mæta á ráðstefnur eða lesa tímarit um húðflúr heldur hafa þau tilfinningu eins og þau deili einhverju sérstöku með einhverjum öðrum bara með því að vera með húðflúr. Húðflúraðir skilgreina sjálfa sig andspænis þeim sem hafa ekki húðflúr og ríkjandi samfélagi almennt. Það sem fær húðflúruðu fólk til að líða eins og þau séu hluti af stærra samfélagi er þælingin um að þau eru lík einhverjum sem eru líkt og þau ólík öðrum (Demello, 2007). Þau hafa líka öll gengið í gegnum ákveðnar manndómsvígslur eða *rites de passage* eins og Arnold Van Gennep (1960) myndi kalla það og upplifað liminískar (*liminal*) umbreytingar frá einu stigi til annars með því að fá sér húðflúr. Þetta vekur samhug meðal þeirra sem fá sér húðflúr

---

<sup>7</sup> „And for many, to inscribe upon the skin the marks of the primitive other is ‚anti-repressive‘ a way of releasing the savage within or of returning to a corporeal authenticity occluded by the disciplines of contemporary conformity.“

og setur þá á sama stall. Victor Turner kallaði þennan samhug *communitas* sem felur í sér tilfinningar um einsleitni, jafnrétti, félagsanda og skort á valdastiga en það er eðlilegt meðal þeirra sem eru að ganga í gegnum liminískar umbreytingar (Turner, 2012). Þessar liminísku umbreytingar eiga sér stað í miðju ferli manndómsvígslna sem fara í gegnum þrjú stig. Ferlið hefst á aðskilnaði einstaklings frá samfélaginu og þeirri félagslegu formgerð sem hann er hluti af. Hann færir svo yfir í þetta liminíska ástand sem einkennist af ráðaleysi vegna þess að einstaklingurinn hefur misst stöðu sína í ákveðinn tíma. Ferlið endar svo á samvinnun hans við samfélagið þar sem hann hefur full réttindi og ber skyldum að gegna með sinni nýju stöðu hver sem hún er (Turner, 1967). Með því að láta húðflúra sig er einstaklingurinn að ganga í gegnum öll þessi stig og á endanum verður hann hluti af húðflúrssamfélaginu með þessari manndómsvígslu: „They also concern entry into a new achieved status, whether this be a political office or membership of an exclusive club or secret society“ Þýtt „Þau fjalla einnig um inngöngu í nýja áunna stöðu, hvort sem hún sé pólitískt embætti eða félagsaðild einkaklúbbs eða leynifélags“ (Turner, 1967:95). Þeir sem eru með húðflúr eru hver með sína sögu hvernig og af hverju þeir fengu sér húðflúr en allir eru þeir hluti af stærra samfélagi húðflúraðra hvort sem þeir taka virkan þátt í því eða ekki.

Félagsaðild hópa getur verið ástæða til að fá sér húðflúr. Menningarlegir mannfræðingar hafa gert víðtækar rannsóknir á hvernig útlit getur gefið til kynna félagsaðild hópa. Líkamlegar skreytingar og breytingar eru sterkt merki um félagsaðild hópa víðsvegar um heim (Anderson-Fye, 2012). Húðflúr geta táknað aðild að hópum á borð við bræðralög, vélhjólasamtök, refsifangahópa og svo framvegis. Oft er flúrunin leið til að vígja nýja meðlimi í hópinn til að reyna á þolmörk og tryggð umsækjandans sem og viðhalda samstöðu hópsins en þetta verður að vissri manndómsvígslu fyrir nýja meðlimi (Demello, 2014). Innan veggja fangelsis skiptir miklu máli fyrir marga að vera með húðflúr sem einkennir uppruna þeirra eða hópinn sem þeir tilheyra því það getur haft mikilvægar félagslegar afleiðingar þegar þeir standa andspænis erkifjendum sínum úr öðrum hópum (Demello, 2007).

Seint á tuttugustu öld var hægt að sjá þróun hreyfingar sem er þekkt sem *modern primitives movement* (*m.p.m.* hér eftir). Hreyfingin fær líkamsbreytingaaðferðir og

menningar- og trúarhugmyndir að láni frá samfélögum utan vesturlanda til að streitast á móti og ögra félagslegum venjum nútímans. *M.p.m.* meðlimir telja að venjur frumstæðra menningarheima séu raunverulegri og áreiðanlegri en nútíma menningarvenjur. Þannig ætlast meðlimir til að tengjast sínu sanna eðli og komast á hærra vitundarstig (Demello, 2014). Hreyfingin neitar að taka þátt í efnishyggju vestrænnar menningar en með því að húðflúra og gata sig komast þau ekki undan viðskiptavæðingunni sem felst í að versla við húðflúrs- og götunar stofnarnar sem eru að skjóta upp kollinum víðsvegar um heiminn. Þótt að *m.p.m.* meðlimir nái ekki fullilega að forðast félagsleg gildi nútíma samfélags ná þau því að einhverju leyti með því að fá lánað frumstæð sifjakerfi. Félaglegt líkan hreyfingarinnar byggir á sifjakerfi sem hefur verið kennt við frumstæða menningu sem virðist lofa sterkari tilfinningu um að tilheyra hópnum frekar en nokkur önnur félagsleg tengsl í vestrænum iðnvæddum samfélögum (Klesse, 2008). Frumstæðar hugsjónir bjóða því uppá mikinn innblástur og fleiri möguleika til að auðkenna einstaklinga sem finnast samfélög sín framandi. Slík firring sem fólk finnur fyrir í eigin samfélögum getur orðið til þess að það þurfi að leita út fyrir landamæri sín og jafnvel tímabil til að finna rætur og skapa sér einhversskonar sjálfsmýnd. Christian Klesse fjallar um hvernig firring í vestrænum samfélögum leiðir af sér rómantískar hugsanir um hinn frumstæða heim:

„Það var í hinum kyngervöðu og kynvæddu myndum af hinum nautnafulla ‚austurlandabúa‘, eða ‚náttúrulega‘ og ‚frumstæða afrikubúa‘ þar sem leyst var úr tvíræðninni af ástandi vestrænna karla og kvenna. Hinir ímynduðu nýlendubúar og samhengi nýlendanna bauð uppá rýmið þar sem kynferðisleg sambönd óbyggða, byggð á hugmyndinni um vandkvæðalausán og frjálstan líkamann, gátu verið ímynduð“ (2008)<sup>8</sup>.

Didier Anzieu var helsti talsmaður hugmyndarinnar um skinnsjálfið (*skin-ego*) sem á rætur sínar að rekja til Sigmund Freud. Anzieu bendir á að líffæri einstaklings, þar með

---

<sup>8</sup> „It was in the gendered and sexualized images of the ‚sensual oriental‘, or the ‚natural‘ and ‚primitive African‘ that the ambiguities of the situation of Western men and women were worked through. The colonial imaginary and the colonial context provided the space where uninhabited sexual relationships, based on the idea of an unproblematic and free body, could be fantasized.“

talið heilinn, þróist í legi móðurinnar með ferli sem heitir innhverfing. Í ferlinu er brotið upp á vefi líffæranna og þau hjúpuð með ýmsum rörum, hettum og vösum sem líkaminn er gerður úr. Hjúpar og lög myndast í kringum líffærin og er síðasti hjúpurinn skinnið sjálft. Hjúparnir og skinnið er í stöðugu sambandi við móðurina og er það aðal samskiptaleið hennar og barnsins fyrst um sinn. Didier Anzieu komst að þeirri niðurstöðu að með ferli innhverfingar og líkamlegum tengslum við móður bindist mannshugurinn líkamlegri tilvist og skinnið er bundið heilanum og innstu líffærum mannsins þar sem félagslegar hneigðir eiga sér stað (1989). Húðin með skynfærunum er því nátengd og samverkandi heilanum og myndar ákveðið sjálf sem þróast með snertingu og áreiti á húðina. Anzieu útlistar níu hlutverk skinnsjálfsins og mun ég fjalla um verndarhlutverk (*protection function*), einstaklingseðlisþróunarhlutverk (*individuation function*) og skrásetningahlutverk (*Registration function*) skinnsjálfsins en breski mannfræðingurinn Alfred Gell tengdi þau við húðflúr (1993) og eru eftirfarandi þælingar upprunalega frá honum. Verndarhlutverk skinnsjálfsins fjallar um að skýla hinu innra sjálfi. Þetta má til dæmis sjá í verki þegar fólk stundar líkamsrækt til að mynda auka lag af vöðvum á sig í varnarskygni eða fær sér húðflúr til að vernda sig frá illum öflum þar sem húðflúrað skinnið styrkist eða verkar sem varnarkraftur. Gell segir ferli húðflúrunar vera sársaukafullt og virðist því húðflúrun í varnarskygni vera leið til þess að öðlast stjórn á háska með því að fyrirbyggja hann (ibid). Einstaklingseðlisþróunarhlutverk skinnsjálfsins tengist ferli einstaklings að öðlast sjálfsmýnd gegnum skinnið þar sem þróun þess skiptir höfuðmáli. Sköpun sjálfsmýndar á sér því stað við að fá sér húðflúr á skinnið en það er oftast hvatinn að baki húðflúrsins sem getur táknað trúarafstöðu, félagsaðild, afrek og svo framvegis. Skrásetningarhlutverk skinnsjálfsins fjallar um hvernig skinnið skráir eða speglar ytri veruleika og segir Gell að sjá má húðflúr í sálgreiningarlegum skilningi sem skrásetningu aðskilnaðar sem á sér stað milli móður og barns (ibid). Það má einnig sjá húðflúr sem skrásetningu orsakabundinna atburða sem urðu til þess að flúrið var gert það er að segja táknrænar leifar af félagslegum skyldum, einstaklingnum og samansafn sambanda sem þrýsta á einstaklinginn sem félagsveru. Alfred Gell vill meina að þrátt fyrir að húðflúr séu tilkomin vegna uppátækja einstaklingsins þá eru þau þó alltaf

skrásetningar hins félagslega umhverfis á líkamann því það er hið félagslega umhverfi sem gefur flúrinu merkingu (ibid).

### **Máttur húðflúra og líkamleg endurheimt**

Þeir sem aðhyllast líkamsbreytingar í dag og breyta sér á öfgakenndan hátt finnast þeir vera að taka við stjórn á líkómum sínum og tjá persónulegar sjálfsmyndir sínar með þessum breytingum (Demello, 2014). Þetta eru leiðir til að breyta sjálfsmyndinni með virkum hætti og um leið eignast líkama sinn aftur eða að minnsta kosti tjá þá sjálfsmynd að maður stjórni líkama sínum á eigin forsendum. Sagnfræðingurinn Marcus Rediker skoðaði líf sjómannsins og verkalýðsins og komst að þeirri niðurstöðu að húðflúrun væri leið til að endurheimta völd yfir líkamanum en því miður gáfu flúrin um leið til kynna að til væri stétt sem restin af samfélaginu ætti að þekkja og útskúfa (1989). Konur sem hafa breytt líkama sínum hafa haldið fram að líkamlegar breytingar stuðli að táknrænum uppreisnaranda og andófi þar sem líkaminn er endurheimtur á táknrænan hátt frá hlutgervingu og níðingshætti innan menningar feðraveldisins (Pitts, 2003). Með því að ganga í gegnum varanlegar breytingar á líkómum sínum eru konurnar að hafna ráðandi hugmyndum karla um hvernig þær eiga að líta út. Í stað þess að bogna undan þrýstingi samfélagsins tjá líkamar þeirra vald frekar en undirgefni.

Ég tel líkama einstaklings ekki geta verið eign hans að fullu sé hann fylgjandi reglum samfélagsins og hlýðinn í garð yfirvalda. Það má líta á húðflúr sem tákni um að einstaklingurinn geri tilraun til að vera frjáls undan ráðandi öflum og geri tilkall til líkama síns:

„Af hverju vil þetta fólk láta húðflúra sig? Ein ástæðan er að þau ætla sér að losna undan fjötrum síns tiltölulega íhaldssama millistéttar lífs með því að verða örhlítileg. Þau sjá að þau geta upplifað slíkt frelsi með því að

láta húðflúra sig líkt og drykkfelldu sjómennirnir, meðlimir klíkna, og annað afbrigðilegt fólk“ (Thio, 2010)<sup>9</sup>.

Maður lítur í kringum sig í dag og sér fólk af öllum toga bæði í leik og starfi með húðflúr hvort sem þau eru sjáanleg eða hulin. Það þarf því að spyrja spurninguna hvort að húðflúr séu í raun enn frávik í samfélaginu ef svo margir bera þau. Hvers vegna felst eitthvað andóf í að fá sér húðflúr vegna þess hve ásættanlegt það er orðið í dag miðað við áður fyrr? Málið er að þeir sem fá sér húðflúr í dag hafa enn áhyggjur af menningarlegri útskúfun sem þýðir að húðflúr dansa á línu andófs og félagslegs ásættanleika (Roberts, 2012). Þegar litið er til Bandaríkjanna má sjá að jafnvel þótt margir millistéttarþegnar þar í landi hafa fengið sér húðflúr standa þeir gegnt neikvæðu viðmóti vegna þess að enn eru margir þar sem telja húðflúr tengjast hættulegum úrhrökum samfélagsins og atvinnurekendur á borð við landgöngulið flotans og ýmsar lögregludeildir telja þau ófagmannleg (ibid).

Sú staðreynd að húðflúrum fylgir ákveðið andóf gefur til kynna að þau standi gegn ráðandi straumum samfélagsins um hvað þykir menningarlega ásættanlegt í hinum vestræna heimi. Það að fá sér húðflúr er því að staðsetja sig utan samfélagsins og sjálf iðkunin sem felst í húðflúrsgerð hafnar kröfum sem gerðar eru til einstaklinga innan samfélags markaðshyggjunnar. Samsömunin við hið frumstæða og framandi er því orðin sterkari og hið ekta og hið tæra sem ekki er búið að gera að verslunarvöru er í andstöðu við spillingu hins hefðbundna samfélags (Benson, 2000). Húðflúrin miðla opinskáum óþagganlegum skilaboðum til annarra í samfélaginu og yfirvalda sem gefur einstaklingnum sem ber þau mátt og þögla rödd sem talar gegn ráðandi stofnunum og yfirvöldum. Eins og ég kem að í nokkrum dæmum hér að neðan eru sum yfirvöld og trúarlegar stofnanir mótfallin húðflúrum og tel ég það vera stóran þátt í að skilja hversu máttug húðflúr geta verið. Það hlýtur að liggja einhver ástæða að baki því af hverju líkamsskreytingar á borð við húðflúr voru bannaðar og af hverju vinna var lögð í að gera

---

<sup>9</sup> „Why do these people want to be tattooed? One reason is that they intend to seek freedom from the constraints of their relatively conservative middle-class lives by becoming a little deviant. And they see that they can experience this freedom by getting tattooed just like the drunken sailors, gang members, and other deviants“.

húðflúrslist refsiverða. Á Hainan eyju sem ég minntist á hér að ofan má finna menningarkíma *Li þjóðarbrotisins* sem átti áður fyrir ríka menningu húðflúrgerðar. Með afskiptasemi ríkisstjórnar kommúnista í Kína er búið að bæla niður og banna húðflúrslistina og gera hana refsiverða. Í dag hefur Li fólkið yfirgefið hefðbundin húðflúr algjörlega meðal annars vegna ótta við yfirvöld en einnig vegna vilja til að aðlagast þróunum nútíma siðmenningar (Martí, 2010). Skoðanir sem fordæma húðflúr má rekja alveg aftur til Kína til forna þar sem húðflúr voru notuð af Han þjóðernishópnum í hegningarskyni fyrir glæpamenn. Á meginlandi Kína voru Han menn ráðandi og litu á húðflúr ættflokka utan Han hópsins vera ósiðmenntuð og villimannsleg (Demello, 2014). Ráðandi stéttir og yfirvöld í Kína banna þessa húðflúrslist af ástæðu og tel ég það vera vegna máttisins sem fylgir því að bera húðflúr hvað varðar sköpun sjálfsmýndar og andóf. Að bera ummerki á líkamanum á borð við húðflúr eins og í Li menningunni er því hálfgerð móðgun við ráðandi yfirvöld líkt og að segja opinskátt að maður vilji ekki vera hluti af ráðandi menningu og vilji ekki að yfirvöld stjórnari sér. Af þessu vil ég draga að húðflúr hafi þann mátt að geta endurheimt líkamann að einhverju leyti undan ráðandi stéttum í formi andófs með sinni þöglu rödd sem tjáir hvert hollusta einstaklingsins beinist í raun og veru. Slíkt andóf er hægt að finna innan veggja fangelsisins þar sem fangar finna hvað mest fyrir þrýsting yfirvalda því þeir hafa verið sviptir frelsi sínu fyrir að óhlýðnast. Þar sækjast sumir fangar í húðflúr þótt það sé bannað. Ef þeir nást gæti það leitt til þess að þeir missi ýmis fríðindi og verði jafnvel settir í einangrun en þeir neita að beygja sig fyrir yfirvaldinu: „...virðing er það eina sem þeir geta ekki numið á brott ... hann [refsifanginn] heldur sjálfsvirðingunni og spilar eftir sínu eigin höfði“ (Demello, 2007:224)<sup>10</sup>.

Ég kom að því fyrr í ritgerðinni að kirkjan hafði einnig sitt að segja með því að að banna húðflúr. Hún lét ekki staðar numið í Evrópu og voru trúboðar gagnert látnir bæla niður húðflúrslist trúskiptinganna í Pólýnesíu (Kuwahara, 2005). Trúboðarnir létu fyrst sjá sig á Tahiti seint á átjándu öld en heimamenn iðkuðu húðflúrslist sem mikilvægan hluta menningar þeirra. Trúboðarnir litu á hefðir og trú Tahitibúa sem skurðgoðadýrkun og heiðingjahátt sem þurfti að afnema. Með tíð og tíma tóku heimamenn kristna trú en það

---

<sup>10</sup> „...respect is the one thing that cannot be taken away ... he [the convict] maintains his self-respect, and plays by his own rules“.

var með hjálp evrópskra ferðamanna sem hljómuðu sannfærandi í röksemdum sínum og læknuðu einnig sjúkdóma með evrópskri læknisfræði. Hugmyndafræðileg umskipti áttu sér stað og gamla heimsfræðin og trúin urðu undir og einnig minna áberandi með innleiðingu vestræns klæðaburðar en trúboðarnir skipuðu trúskiptingunum að hylja líkama sína og húðflúr. Þessi frumstæðu og ósiðmenntuðu húðflúr táknuðu siðleysi og ótryggð í garð hins kristna guðs því þau voru afskræmingar á líkamanum sem hann skapaði í sinni mynd. Hlutverk og sýnileiki húðflúranna missti gildi sitt á þessum tíma og með því að fá heimamenn til að hylja líkama sína höfðu trúboðarnir náð ákveðnu valdi á líkama þeirra. Þessi þrýstingur frá hinum vestræna heimi um að fá Tahitibúa til að vilja aukna siðmenningu og tileinka sér vestræna lifnaðarhætti hafði neikvæð áhrif á húðflúrlist á Tahiti sem var síðan algerlega stöðvuð með lögum sem bönnuðu húðflúr. Fólk sem flúraði eða fékk sér húðflúr var refsað með erfiðisvinnu, hýðingum og jafnvel með húðflúrum sem hafði þau áhrif að snúa virkni húðflúranna frá jákvæðum trúarlegum siðum yfir í neikvæðar lagalegar hegningar (ibid). Það var ekki fyrr en á fyrri hluta nítjándu aldar að stofnuð var hreyfing sem kallaði sig *tutae'auri* (þeir sem höfnuðu kristni) sem stóð upp gegn ráðandi valdakerfi og kristinni trú. Hreyfingin settist að í fjöllum í hefðbundnum knöppum klæðnaði og húðflúraði sig gegn boðum og bönnum yfirvalda sem höfðu látið undan þrýsting kirkjunnar (ibid). Með því að húðflúra líkama sína til að mótmæla kristni voru þau líka að senda yfirvöldum skilaboð hver ætti í raun líkama þeirra. Meðlimir hreyfingarinnar eignuðu sér líkama sína aftur og frelsuðust þar af leiðandi undan kúgun kirkjunnar. Með húðflúrlist sem var áður af heiðnum trúarlegum toga voru *tutae'auri* að skapa sér nýja *innfædda* sjálfsmynd í uppreisnarkenndu andrúmslofti með flúrum sem táknuðu frelsi og andóf.

## Niðurlag

Líkaminn hefur verið rannsóknarefni margra fræða og er mikilvægt að skoða hann frá sjónarhorni hugvísinda og félagsfræðinnar jafnt sem raunvísindanna. Líkaminn er leið okkar til að upplifa heiminn og er miðill okkar við samfélagið. Hann er holdgerving stöðu innan samfélags hvað varðar stétt og fylgispekt því hann miðlar tjáningu og sjálfsmynd

einstaklings með ýmiss konar boðum. Fræðimenn hafa talað um stjórnarfars líkamann sem vísar til taumhalds og stjórnunar á líkötum. Frá unga aldri er fólk mótað eftir félagslegum kröfum samfélagsins og það þarf að fylgja reglum þess og öðlast félagslegt samþykki til að öðlast þátttökurétt og forðast útskúfun. Hreinlæti líkamans og viðhald á útliti hans er þar mikilvægt og gefur til kynna hvort maður sé skynsemisvera eða ekki. Með því að beygja okkur og bogna undan þrýstingi frá samfélaginu erum við að láta af hendi ákveðin völd og eignarhald yfir líkötum okkar. Yfirvöld hafa gengið í gegnum víðfeðma breytingu hvað varðar eðli þess valds sem notað er til að stjórna almenning sem varðar meðal annars áherslur á undirokun líkamans. Í formi lífvalds eru þvinganir að verki í samfélaginu innan stofnanna sem halda mannfjöldanum til haga eins og til dæmis skóla- og heilbrigðisstofnanir. Þessar stofnanir hafa stöðugt eftirlit með einstaklingum sem þar af leiðandi halda aftur að sér með sjálfsskipaða stjórn og eru sínir eigin varðmenn sem passa sig á því að óhlýðnast ekki. Eignarhaldi á líkötum er því deilt með samfélaginu og yfirvöldum og stofnunum innan þess. Siðmenning (*civilization*) og gerð samfélaga geta haft áhrif á eignarhald líkamans þar sem magn félagslegs taumhalds helst í hendur við magn líkamlegs taumhalds og til eru félagshyggju samfélög þar sem eignarhaldi líkamans er fórnað fyrir öryggi og heilbrigði. Líkamsskreytingar og líkamsbreytingar hafa fundist í öllum samfélögum og eru til dæmis mark um aldur, félagsstöðu og ættbálkatengsl. Ástæðurnar að baki því að skreyta og breyta líkötum eru margar en helst ber að nefna trú, félagsaðild, list og sjálfstjórningu. Húðflúrun hefur fundist í flestum menningarsamfélögum og voru fordæmd af hinum kristna heimi. Listin var ekki kynnt til vestrænnar menningar almennilega fyrr en á átjándu öld og lengi voru húðflúr tengd við frumbyggja og fólk sem lifði á jaðri samfélagsins en einnig við fyrirfólkið því yfirstéttirnar í Evrópu áttu það til að skreyta sig með húðflúrum seint á níttjándu öld. Húðflúrum fylgir oft félagsleg smán vegna sögu þeirra tengdri brennimerkingum og flúrunum á föngum og þrælum. Þeir voru látnir bera mark eiganda síns eða glæps sem þeir frömdu á líkötum sínum og jafnvel andliti svo allir gætu vitað hverjum þeir tilheyrðu og hvað þeir voru. Yfirvöld beittu völdum til að smána fólk með húðflúrum og er því stór munur á því og húðflúrum sem fengin eru af sjálfsdáðum sem mynda sjálfsmýndir í stað þess að brjóta þær niður. Húðflúr geta verkað sem trúarlegur

klæðnaður, hafa verið notuð í varnarskyni, gefa til kynna aðild að hópum, eru mark um frjósemi einstaklings og merkja félagslega stöðu og orðstír. Þau geta verið mark um þroska og stundum fengin við lok manndómsvígslu og eru í sjálfu sér ákveðin manndómsvígsla. Þau eru mark um hugrekki og styrk vegna sársaukans sem fylgir þeim og geta frægar fyrirmyndir í kastljósinu haft áhrif á hvort maður fær sér húðflúr eða ekki. Húðflúrum fylgir ákveðin samkennd meðal þeirra sem bera þau og geta skapast samfélög í kringum húðflúrsstofur og húðflúrara. Húðflúr eru oft notuð til að vígja nýja meðlimi inn í hópa til að reyna á þolmörk og tryggð umsækjandans og geta þar með veitt félagsaðild. Húðflúr eru tengd frumstæðum menningarheimum og talin leysa úr fjötrum hin frumstæða mann. Fólk sem finnur fyrir firringu innan samfélags síns á það til að skapa sér sjálfsmynd með því að leita út fyrir landamæri sín að einhverju frumstæðu, nautnafullu og frjálsu í formi líkamsskreytinga á borð við húðflúr. Þrátt fyrir fjölgun á húðflúruðu fólki í samfélaginu eru enn til staðar áhyggjur af menningarlegri útskúfun og margir sem telja húðflúr tengjast hættulegum úrhrökum samfélagsins. Það sýnir því ákveðið andóf að fá sér húðflúr sem getur miðlað opinskáum skilaboðum sem tala gegn ráðandi hugmyndum í samfélaginu. Þessi þögla rödd andófs hefur verið notuð í fangelsum til að viðhalda virðingu sem og hjá Pólynesísku andspyrnuhreyfingunni sem húðflúraði sig til að afneita kristinni trú. Það hefur verið sagt að líkamlegar breytingar stuðli að táknrænum uppreisnaranda og andófi meðal kvenna innan menningar feðraveldis sem hafa endurheimt líkama sína frá hlutgervingu og níðingshætti. Þeir sem aðhyllast líkamsbreytingar í dag finnast þeir vera að taka sjórn á líkömum sínum. Að auki tjáningar á persónulegum sjálfsmyndum eru húðflúr leið til að gera tilkall til líkamans og endurheimta völd yfir honum sem samfélagið, yfirvöld og stofnanir reyna að halda í skefjum með taumhaldi, lífvaldi og lögum.

## Heimildir

- Anderson-Fye, E.P. (2012). Anthropological perspectives on physical appearance and body image. Í T. F. Cash (ritstjóri), *Encyclopedia of body image and human appearance* (bls. 15-22). San Diego: Academic Press.
- Anzieu, D. (1989). *The skin ego*. New Haven: Yale University Press.
- Atkinson, M. (2003). *Tattooed: The sociogenesis of a body art*. Toronto: University of Toronto Press.
- Becker, A. E. (1995). *Body, self, and society: the view from fiji*. Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Benson, S. (2000). Inscriptions of the self: Reflections on tattooing and piercing in contemporary Euro-America. Í J. Kaplan (Ritstjóri), *Written on the body: The tattoo in european and american history* (bls. 234-254). New Jersey: Princeton University Press.
- Bourdieu, P. (1977). *Outline of a theory of practice* (Richard Nice þýddi). Cambridge: University Press.
- Bourdieu, P. (1984). *Distinction: A social critique of judgement of taste* (Richard Nice þýddi). Cambridge: University Press.
- Bradley, J. (2000). Body commodification? Class and tattoos in Victorian Britain. Í J. Kaplan (Ritstjóri), *Written on the body: The tattoo in european and american history* (bls. 136-155). New Jersey: Princeton University Press.
- Crossley, N. (2012). Phenomenology and the body. Í B. S. Turner (ritstjóri), *Routledge handbook of body studies* (bls. 130-143). New York: Routledge.
- Csordas, T. J. (1999). The body's career in anthropology. Í H. L. Moore (ritstjóri), *Anthropological theory today* (bls.173-205). Cambridge: Polity Press.
- Demello, M. (2007). *Encyclopedia of body adornment*. London: Greenwood Press.
- Demello, M. (2014). *Body studies: An introduction*. New York: Routledge.
- Doss, K og Hubbard, A. S. E. (2009). The communicative value of tattoos: The role of public self-consciousness on tattoo visibility. Í *Communication Research Reports*, 26(1), 62-74. Doi:10.1080/08824090802637072.
- Douglas, M. (1970). *Natural symbols: Explorations in Cosmology*. London: The Cresset Press.
- Elias, N. (1994). *The civilizing process: The history of manners and state formation and civilization* (Edmund Jephcott þýddi). Oxford: Blackwell.
- Foucault, M. (1984). Docile bodies. Í P. Rabinow (ritstjóri), *The Foucault reader: An introduction to Foucault's thought* (bls. 179-187) London: Penguin books.
- Foucault, M. (1984). Nietzsche, genealogy, history. Í P. Rabinow (ritstjóri), *The Foucault reader: An introduction to Foucault's thought* (bls. 76-100) London: Penguin books.
- Foucault, M. (1984). Right of death and power of life. Í P. Rabinow (ritstjóri), *The Foucault reader: An introduction to Foucault's thought* (bls. 258-272). London: Penguin books.
- Gell, A. (1993). *Wrapping in images: Tattooing in Polynesia*. Oxford: Clarendon Press

- Genep, A. V. (1960). *The rites of passage* (M. B. Vizedom og G. L. Caffee þýddu). Chicago: The University of Chicago Press.
- Gilbert, S. (2000). *Tattoo history: A source book*. New York: Juno Books.
- Gustafson, M. (2000). The tattoo in the later roman empire and beyond. Í J. Kaplan (Ritstjóri), *Written on the body: The tattoo in european and american history* (bls. 17-31). New Jersey: Princeton University Press.
- Howes, D. (2005). Aestheticization takes command. Í D. Howes (ritstjóri), *Empire of the senses: The sensual culture reader* (bls. 245-250). Oxford: Berg
- Jones, C. P. (2000). Stigma and Tattoo. Í J. Kaplan (Ritstjóri), *Written on the body: The tattoo in european and american history* (bls. 1-16). New Jersey: Princeton University Press.
- Klesse, C. (2008). ,Modern primitivism': Non-mainstream body modification and racialized representation. Í C. Malacrida og J. Low (ritstjórar), *Sociology of the body: A reader* (bls. 308-313). Oxford: University Press.
- Kuwahara, M. (2005). *Tattoo: An anthropology*. Oxford: Berg.
- Lambroso, C. (1896). The savage origin of tattooing. *Popular science monthly, apríl*, 793-803. Sótt af [https://books.google.is/books?id=rylDAAAAMBAJ&pg=PA793&lpg=PA793&dq=lambroso+the+savage+origin+of+tattooing&source=bl&ots=ripGbd\\_aug&sig=XcxqWIScFFy9wHngqU3HPv7q\\_Jl&hl=is&sa=X&ei=cyfuVMPMMMfNOMXaglgK&ved=0CCsQ6AEwAQ#v=onepage&q=lambroso%20the%20savage%20origin%20of%20tattooing&f=false](https://books.google.is/books?id=rylDAAAAMBAJ&pg=PA793&lpg=PA793&dq=lambroso+the+savage+origin+of+tattooing&source=bl&ots=ripGbd_aug&sig=XcxqWIScFFy9wHngqU3HPv7q_Jl&hl=is&sa=X&ei=cyfuVMPMMMfNOMXaglgK&ved=0CCsQ6AEwAQ#v=onepage&q=lambroso%20the%20savage%20origin%20of%20tattooing&f=false)
- Lévi-Strauss, C. (1968). *Structural anthropology* (C. Jacobson og B. G. Schoepf þýddu). London: Allen Lane The Penguin Press.
- Low, S. M. (2003). Embodied space(s): Anthropological theories of body, space and culture. *Space & Culture*, 6(1), 9-18. Doi:10.1177/1206331202238959.
- Martí, J. P. (2010). Tattoo, cultural heritage and globalization. *The scientific journal of humanistic studies*, 2(3), 1-9. Sótt af <http://dh101.humanities.ucla.edu/DH101Fall12Lab5/archive/files/19586bf1bf82a2968b890e345d51caa0.pdf>.
- Mauss, M. (2006). Techniques of the body (1935). Í N. Schlanger (ritstjóri), *Marcel Mauss: Techniques, Technology and Civilization* (bls. 77-95). Oxford: Berghahn Books.
- Noble, P. D. (1978). Tattoos of the Managalasi people of Northern Papua. *Anthropos* 73(6). 904-908. Sótt af <http://www.jstor.org/stable/40459652>.
- O'Neill, J. (2004). *Five bodies: Re-figuring relationships*. London: SAGE Publications.
- Pitts, V. L. (2003). *In the flesh: The cultural politics of body modification*. New York: Palgrave Macmillan.
- Rao, C. H. (1945). Note on tattooing in India and Burma. *Anthropos* 40(13), 175-179. Sótt af <http://www.jstor.org/stable/40448700>.
- Rediker, M. (1989). *Between the devil and the deep blue sea: Merchant seamen, pirates, and the Anglo-American maritime world*. Cambridge: Cambridge University Press.

- Reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010 með áorðnum breytingum 773/2012, 205/2014 og 678/2014.
- Roberts, D. J. (2012). Secret ink: Tattoo's place in contemporary american culture. *Journal of American Culture*, 35(2), 153-165. Doi:10.1111/j.1542-734X.2012.00804.x.
- Rosecrans, J. A. (2000). Symbolic markings in early modern England. Í J. Kaplan (Ritstjóri), *Written on the body: The tattoo in european and american history* (bls. 46-60). New Jersey: Princeton University Press.
- Scheper-Hughes, N. og Lock, M. (1987). The mindful body: A prolegomenon to future work in medical anthropology. *Medical Anthropology Quarterly* 1(1), 6-41. Doi:10.1525/maq.1987.1.1.02a00020.
- Strathern, A. og Strathern, M. (1971). *Self-decoration in Mount Hagen*. Toronto: University of Toronto Press.
- Sveinn Eggertsson (2013). The composition of Kwermin design. *Oceania* 83(1), 1-15. Doi:10.1002/ocea.5003.
- Synnott, A. (1993). *The body social: Symbolism, self and society*. London: Routledge.
- Thio, A. (2012). *Deviant behavior*. Boston: Pearson.
- Turner, B. S. (2012). Introduction: The turn of the body. Í B. S. Turner (ritstjóri), *Routledge handbook of body studies* (bls. 1-17). New York: Routledge.
- Turner, E. (2012). *Communitas: The anthropology of collective joy*. New York: Palgrave Macmillan.
- Turner, T. S. (2007). The social skin. Í M. Lock og J. Farquhar (ritstjórar), *Beyond the body proper: Reading the anthropology of material life* (bls. 83-103). London: Duke University Press.
- Turner, V. (1967). *The forest of symbols: Aspects of Ndembu ritual*. New York: Cornell University Press.
- Weitz, R. (2008). Women and their hair: Seeking power through resistance and accommodation. Í C. Malacrida og J. Low (ritstjórar), *Sociology of the body: A reader* (bls. 314-320). Oxford: University Press.
- Hambly, W. D. (2009). *The history of tattooing*. New york: dover publications.